

AUGLÝSING

um gildistöku yfirlýsingar vegna 14. gr. alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis.

Hinn 3. desember 1982 tók gildi yfirlýsing Íslands vegna 14. gr. alþjóðasamnings frá 7. mars 1966 um afnám alls kynþáttamisréttis, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1981.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Ingvi S. Ingvarsson.

AUGLÝSING

um samninga Íslands við erlend ríki 31. desember 1982.

Skrá yfir samninga Íslands við erlend ríki sem taldir eru í gildi 31. desember 1982 er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Númer samninga og blaðsíðutal á við heildarútgáfu utanríkisráðuneytisins árið 1962 á samningum Íslands við erlend ríki (I. bindi: Alþjóðasamningar og samningar við fleiri ríki en eitt; II. bindi: Samningar við einstök ríki). Auk þess er vitnað í númer auglýsinga og blaðsíðutal í C-deild Stjórnartíðinda vegna samninga sem auglýstir hafa verið frá og með árinu 1962.

Auglýsingu þessari fylgir einnig skrá yfir heiti samninganna á ensku.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Ingvi S. Ingvarsson.